

Norðurþing
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

27. apríl 2026, Selfoss
UOS-3286/H.M.V

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávika í eftirliti

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 12. desember 2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti vegna urðunarstaðar Norðurþings við Húsavík þann 11. september 2025. Þann 18. desember 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

| Frávik frá | Lýsing á fráviki |
|------------|---|
| 1) gr. 4.1 | <p>Við móttöku úrgangs til urðunar skal fara fram sjónrænt mat til að sannreyna að úrgangur uppfylli móttökuskilyrði staðarins. Rekstraraðila ber að sjá til þess að allur úrgangur sem fer inn á urðunarstað samræmist móttökuskilyrðum starfsleyfis. Þegar eftirlit fór fram var búið að koma fyrir óvirkum úrgangi inn á urðunarstað en í þeim var að finna plaströr og annan úrgang sem ekki féll að skilyrðum starfsleyfis.</p> <p><i>Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila verða gerðar frekari ráðstafanir og verklag bætt með aukinni viðveru starfsmanns til að fylgjast með urðunarstaðnum.</i></p> <p>Áætlun um úrbætur er samþykkt.</p> <p>Staða fráviks: lokið.</p> |
| 2) gr. 5.1 | <p>Rekstraraðila ber að skrá allar þær upplýsingar sem þar koma fram varðandi skráningar. Skráningar vegna ársins 2024 voru ófullnægjandi (sjá frekari umfjöllun í megintexta).</p> <p><i>Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila, mun verða bætt úr skráningum ársyfirlits á þeim atriðum sem upp á vantaði. Sveitarfélagið mun greina og reikna út stærð/nýtingu urðunarsvæðis og koma á sigplötum með föstum GPS punktum til hæðarmælinga til að vakta sig á árinu svo hægt sé að koma á fullnægjandi skráningum.</i></p> |

Þegar upplýsingarnar liggja fyrir og skráningar verða í samræmi við starfsleyfi verður frávikin lokið.

Staða frávíks: opið.

3) gr. 5.2

Til staðar skal vera fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á grunnvatni. Brunnur HÚS-B hefur ekki verið hægt að vakta, ekki náðist að taka sýni úr brunninum. Rekstraraðili verður að bæta úr ástandi brunnsins svo hægt sé að koma á sýnatökum og vöktun eða setja upp nýjan sýnatökubrunn.

Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að brunnurinn sem merktur er „HÚS-B“ er ónothæfur. Búið er að semja við verktaka að hreinsa holuna eða bora nýja ef ekki tekst að koma henni í nytsamlegt ástand og verður það gert fyrri hluta ársins 2026.

Áætlun um úrbætur er samþykkt og miðast við að þeim úrbótum verði lokið þegar næst að draga sýni úr brunni og skila niðurstöðum til Umhverfis- og orkustofnunar.

Staða frávíks: opið.

4) gr. 5.4

Niðurstöðum skráninga sbr. gr. 5.1. í starfsleyfi ber að skila árlega, fyrir 1. maí ár hvert. Niðurstöður á skráningum vegna ársins 2024 var ekki skilað. (Sama frávík var sett fram vegna skila ársins 2023).

Skv. rekstraraðila, þá hefur verklagi við skil á skráningum hjá sveitarfélaginu verið breytt. Rekstraraðili lagði fram frekari skráningar vegna móttækis úrgangs. Einnig er vísað í svar vegna frávíks nr. 2 sem fram kemur hér að ofan.

Áætlun um úrbætur eru samþykktar. Frávíki verður lokað þegar skráningum er skilað til Umhverfis- og orkustofnunar skv. starfsleyfi og verða úrbætur teknar út við næsta eftirlit.

Staða frávíks: opið.

5) gr. 3.2 (og 5.3)

Vöktun bendir til þess að umhverfismarkmið vatnshlots umhverfis urðunarstaðinn við Laugardal náist ekki. Í brunni merktum hús-A, mælist olía = 28 mg/L (árið 2023 var það ekki mælt) en sá brunnur er viðmiðunarbrunnur og er staðsettur ofan vatnsstreymis að urðunarstað. Í brunni merktum hús-C mælist olía 29 mg/L (árið 2023 = < 2 mg/L). Engin mæling var framkvæmd í brunni Hús-B árið 2024 og 2023.

Vísast í frávík nr. 3 hér að ofan sem og í frávík nr. 5 í svari við úrbótaáætlun vegna frávíka á urðunarstað Norðurþings við Kópasker.

Staða frávíks: lokið.

Umhverfis og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíkanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávíki ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Stofnunin bendir á að sinni rekstraraðili ekki tilmælum um úrbætur innan tiltekins tíma sem stofnunin setur, þá hefur stofnunin heimildir til að áminna rekstraraðila, leggja á rekstraraðila dagsektir eða stjórnvaldssektir sbr. 66. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 67. gr. laga nr. 7/1998 um mengunarvarnir og hollustuhætti. Við ítrekuð alvarleg brot hefur stofnunin jafnvel heimildir til að svipta rekstraraðila starfsleyfi ef þess er þörf.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt,

Halla Margrét Viðarsdóttir

sérfræðingur í teymi eftirlits

Ágúst Már Sigurðsson

lögfræðingur í teymi eftirlits